

## Aðalfundur Hundaræktarfélagss Íslands

31.Maí 2021

Stjórn Hundaræktarfélagss Íslands boðaði til aðalfundar í Hátíðarsal Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík mánudaginn 31.maí 2021 og hófust fundarhöld kl. 20.13

Herdís Hallmarsdóttir formaður félagsins steig í pontu og opnaði fundinn. Þessi fundur markar tímamót hjá Herdísí en hún gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formannssetu eftir sex viðburðarík ár. Henni eru efst í huga þakklæti, stolt og bjartsýni enda margt sem hefur áunnist á þessum árum. Má þar nefna fasteignamál félagsins en eftir efnahagshrunið voru lán félagsins óhagstæð og áorkaði félagið að fá annað lánið fellt niður. Þá hefur tekist að borga niður hitt lánið að fullu og á félagið í dag eignina að Síðumúla 15 skuldlaust. Félagsmenn hafa tvöfaldast og var starf félagsins í miklum blóma áður en heimsfaraldur skall á. Þrátt fyrir miklar hömlur hefur félagið ekki látið þar við sitja. Fræðslunefnd hefur staðið fyrir rafrænum fyrirlestrum og hafa þessir fyrirlestrar verið mjög vel sóttir. Ber að þakka fræðslunefnd og þeim sem að fyrirlestrunum komu fyrir sitt framlag. Herdís kveðst stolf af þeirri vinnu sem áorkast hefur að bættri hundamenningu á Íslandi. Nefnir hún þar tilraunaverkefni strætó, að einangrunnardvöl hefur stytst um helming, hundar eru nú velkomnir inn á kaffi- og veitingahús ásamt því að mega koma inn í íþróttahúsnæði á ný. Herdís segist bjartsýn á blómlegt starf félagsins í náinni framtíð og vonar að starf félagsins geti farið aftur í eðlilegt horf með tilkomu bólusetninga sem fyrst. Herdís segist þakklát fólkinu sem unnið hefur með henni í gegnum hennar stjórnarsetu og segist hafa mikið traust til fólksins sem tekur við stjórn félagsins. Með þessum orðum setur hún aðalfund félagsins og leggur um leið til samþykktar fundargesta að Ari Karlsson verði fundarstjóri og Ágústa Pétursdóttir ritari. Var sú tillaga samþykkt með lófataki fundargesta.

## **1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað**

Ari Karlsson var fundarstjóri og Ágústa Pétursdóttir fundarritari. Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins 18. Maí sl. og í Fréttablaðinu 20. maí sl. til samræmis við ákvæði 7. gr. laga félagsins. Fundarstjóri lýsti því yfir að mælendaskrá væri opin um öll dagskráratriði og gætu áhugasamir fundarmenn skráð sig undir viðeigandi liðum á mælendaskrá hjá fundarritara. Mælendaskrá væri opnuð eftir hvern lið og myndi fundarstjóri tilkynna hvenær mælendaskrá væri lokað um hvern dagskrárlið. Fundarstjóri lýsti því yfir að boðun væri lögmæt og þar með fundurinn lögmætur.

## **2. Skýrsla stjórnar HRFÍ**

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** flutti framsögu um skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er birt á heimasíðu félagsins í heild sinni. Fara helstu punktar stjórna hér eftir.

### **Stjórn HRFÍ skipuðu á starfsárinu:**

Herdís Hallmarsdóttir, formaður  
Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður  
Svava Björk Ásgeirsdóttir, ritari  
Guðbjörg Guðmundsdóttir, meðstjórnandi  
Heiðar Sveinsson, meðstjórnandi  
Guðni B. Guðnason, varastjórn  
Anna Guðjónsdóttir, varastjórn

### **Starfsmenn á skrifstofu**

Guðný Rut Ísaksen, framkvæmdastjóri  
Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir, starfsmaður  
Ingunn Birta Ómarsdóttir, sumarstarfsmaður  
Erna Sigríður Ómarsdóttir, hlutastarf sérverkefni tengd innleiðingu tölvukerfis

Þó viðburðir félagsins hafi verið að skornum skammti vegna heimsfaraldurs tókst félaginu að standa fyrir lítilli fjáröflunar sýningu í sumar sem var vel sótt.

Fræðslunefnd stóð fyrir öflugu fræðslustarfi í formi fyrirlestra og voru þeir allir

mjög vel sóttir. Þá ber að nefna mikla aukningu á skráningu í ættbók en á þessum fyrsta helmingi árs hefur ættbókaskráningu fjölgað um helming. Þá eru félagsmenn í félaginu okkar um 4500 í dag. Vinna á tölvukerfinu er enn í fullum gangi, en búið er að prófa stóran hluta tölvukerfisins og stýttist í að hægt verði að gera virkniprófanir. Heilsufarsprófin hafa ekki gengið sem skildi og hefur ekki verið unnt að augnskoða. Þurfti stjórn því að gefa undanþágu og er staðan í dag sú að um 1000 hundar bíða augnskoðunar. Herdís vill koma á sérstökum þökkum til allra þeirra sem lagt hafa hönd á plóg í þágu félagsins á þessum skrítnu tímum. Þá vill hún bera sýningarstjórn sérstakar þakkir. En þrátt fyrir að ekki var unnt að halda sýningar á vegum félagsins lagði sýningarstjórn mikla vinnu í það að máta viðburðina inn í allar þær hömlur sem í gildi voru.

Enginn fundargestur óskaði eftir að leggja til máls í þessum dagskrárlið og lýsti Ari því mælendaskrá lokaða.

### **3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar**

Guðný Rut Ísaksen, framkvæmdarstjóri fór yfir ársreikning HRFÍ og Ra ehf., sem er félag í eigu HRFÍ, sem á fasteignina Síðumúla 15, og skýrði einstaka liði. Var glærum varpað upp á tjald til skýringar. Samantekt reikninga HRFÍ og RA – áætlanir byggjast á reikningum beggja félaga. Ársreiknar félagsins birtast í heild sinni inn á heimasíðu félagsins en helstu punktar fara hér eftir.

Þrátt fyrir högg á félagið á þessum Covid-19 tímum og samdrátt á tekjum jukust tekjur félagsins verulega í gjöldum tengdum ættbókar skráningum og nam aukning í þeim lið á milli ára um 3.780.081 kr.- Febrúar sýning félagsins gaf af sér 800.000 kr, fjáröflunasýning félagsins gaf af sér 600.000 kr.- ásamt því að félaginu bárust styrkir að upphæð 350.000 kr.- frá almennum félagsmönnum. Gjöld lækkuðu verulega á milli ára eða um 22.000.000 kr.-. Má það rekja til samdráttar í liðum tengdum launum og launatengdum gjöldum, gjöldum tengdum félagsstarfi, sýningum, námskeiðum og augnskoðunum Rekstrarhagnaður félagsins nam 6.412.552 kr.- þetta árið.

Enginn fundargestur óskaði eftir að leggja til máls í þessum dagskrárlið og lýsti Ari því mælendaskrá lokaða. Fundarstjóri bar ársreikninga félagsins undir fundargesti til samþykktar. Eru ársreiknar samþykktir samhljóða með handauppréttingu.

#### **4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar**

Guðný Rut Ísaksen, framkvæmdastjóri steig í pontu og flutti framsögu fyrir hönd siðanefndar.

Siðanefnd skipuðu á starfsárinu:

##### **Aðalmenn:**

Ásta María Karlsdóttir

Klara Símonardóttir

Anna Hermannsdóttir

##### **Varamenn:**

Ari Karlsson

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir

Siðanefnd bárust 33 mál á tímabilinu og er 9 málum ólokið

8 málum var vísað frá, flestum vegna þess að reglugerð um ættbókarskráningu stangaðist á við grundvallarreglur fyrir félagsmenn (hvíldartími tíka).

11 mál þar sem augnvottorð var ekki í gildi við þörun.

3 mál þar sem hvíldartími tíkar var ekki virtur.

2 mál þar sem farið var fram úr hámarksfjölda gota á tík.

2 mál þar sem ekki lá fyrir niðurstaða nauðsynlega DNA prófa.

1 mál vegna aldurs tíkar.

1 mál þar sem niðurstaða mjaðma- og olnbogamynda lá ekki fyrir.

2 aðilum var vísað tímabundið úr félaginu á tímabilinu.

Í sumum málum voru fleiri en eitt ofangreindra atriða ekki í lagi og því fleiri mál skráð í sundurliðun en í heildarfjölda afgreiddra mála.

Enginn fundargestur óskaði eftir að leggja til máls í þessum dagskrárlið og lýsti Ari því mælendaskrá lokaða.

## **5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil.**

Guðný Rut Ísaksen steig í pontu og kynnti starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar. Gera má ráð fyrir aukningu á rekstrartekjum og rekstrargjöldum í öllum liðum á starfsárinu. Enda ætti starf félagsins að ná blóma á ný þegar heimsfaraldur er vonandi á undanhaldi þó erfitt sé að spá fyrir um það. Helsta aukning á útgjöldum og tekjum má rekja til þess að vonandi verður unnt að halda sýningar á ný. Meiri starfsemi kallar á frekari mannskap á skrifstofu og því hækka launatengd gjöld. Þá nefnir hún að gert hafi verið ráð fyrir framkvæmdum á húsnæði.

Fundarstjóri stígur í pontu og lýsir mælendaskrá opna fyrir þennan dagskrárlið.

**Helga A Þórðardóttir, félagsmaður** leggur fram þá spurningu hvort ekki sé hússjóður í húsinu okkar.

**Guðný, framkvæmdastjóri** segir að sá hússjóður sem er í húsinu haldi meira utan um sameiginleg þrif og annað. Ekki hafi verið safnað í neinn framkvæmdasjóð.

Fleiri hafa ekki tekið til máls og lokar fundarstjóri mælendaskrá fyrir þennan dagskrárlið. Hann leggur starfs- og fjárhagsáætlun til samþykkis fundargesta og er hún samþykkt með handauppréttingu.

## **6. Lagabreytingar.**

Þrjár lagabreytingar lágu fyrir aðalfundi og voru þær birtar í heild sinni á heimasíðu Hundaræktarfélags Íslands.

# 1.) Lagabreytingatillaga - Stjórn HRFÍ - Vegna rafrænna kosninga

## Ari fundarsjóri stígur í pontu og gerir grein fyrir lagabreytingatillögu stjórnar.

### 1. Lagabreytingatillaga Stjórn HRFÍ - Vegna rafrænna kosninga

#### Annar málsliður, a-liður, 5. gr. hljóði svo:

„Kosningarétt og kjörgengi hafa þeir sem greitt hafa félagsgjald sitt fyrir það ár sem aðalfundur er haldinn, í síðasta lagi einni viku áður kjörfundur hefst.“

#### Þriðji málsliður, 1. mgr., 7. gr. hljóði svo:

„Til aðalfundar skal boða með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði og á heimasíðu félagsins með a.m.k. 30 daga fyrirvara.“

#### Fjórti málsliður, 3. mgr. 7. gr. hljóði svo:

Félagsfund skal boða með a.m.k. einnar viku fyrirvara á sama hátt og aðalfund.

#### Við 7. gr. bætist nýjar málsgreinar sem verða 4.-5. mgr. og hljóði svo:

Félagsstjórn er heimilt að ákveða að aðalfundur eða félagsfundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur eingöngu rafrænt eða rafrænt samhliða hefðbundnum fundi, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarins talin fullnægjandi fyrir framkvæmd slíkra funda.

Ákvörðun um að aðalfundur eða félagsfundur skuli haldinn rafrænt, sbr. 4. mgr., skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tækjabúnað sem félagsmenn þurfa til þess að geta tekið þátt í fundinum, upplýsingar um hvort og þá hvernig tilkynna þurfi þátttöku á fundinum, upplýsingar um hvernig félagsmenn mæta til fundar (s.s. aðgangsorð eða rafræn skilríki), upplýsingar um hvernig félagsmenn geta tekið þátt í fundarstörfum (s.s. tekið til máls), upplýsingar um það hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar félagsmenn geta nálgast leiðbeiningar um framangreint og frekari atriði sem snúa að framkvæmd og þátttöku rafræns fundar.

#### Stjórniðingur, 1. mgr. 8. gr. hljóði svo:

Formaður kjörstjórnar kynnir niðurstöður rafrænna kosninga til formanns og annarra stjórnarmanna kosnum skv. 10. gr.

#### Þriðji málsliður, 2. mgr., 9. gr. hljóði svo:

„Við kosningar milli manna skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg fari einhver fundarmanna fram á það, sbr. þó sérstakar reglur um rafrænt stjórnarkjör skv. 10. gr. laga þessara.“

#### Við 9. gr. bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., en núverandi 3. mgr. verður 4. mgr. Ný 3. mgr. hljóðar svo:

Sé aðalfundur eða félagsfundur haldinn rafrænt skulu atkvæði greidd rafrænt með þeim hætti sem upplýst verður um í fundarboði, sbr. 5. mgr. 7. gr. Atkvæðagreiðsla vegna kosninga til formanns, meðstjórnenda og varamanns í stjórn skulu þó fara fram í samræmi við 10. gr. laga þessara.

#### Þriðji málsliður 1. mgr. 10. gr. hljóði eftirleiðis svo: [ATH: Ekki efnisbreyting en til skýringar]

„Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára og getur hver kjósandi kosið allt að tvo framþjóðendur séu fleiri í kjöri.“

#### 3. og 4. mgr. 10. gr. hljóði eftirleiðis svo:

Kosningar til formanns, meðstjórnenda og varamanns í stjórn skal eingöngu fara fram með rafrænum hætti og skal kjörfundur standa í eina viku fyrir aðalfund, þó þannig að kosningu ljúki tveimur klukkustundum áður boðaður aðalfundur hefst. Í fundarboði aðalfundar skal upplýst um framkvæmd rafrænna kosninga og reglur sem um þær gilda.

Stjórn félagsins skal eigi síðar en 31. janúar ár hvert skipa þriggja manna kjörstjórn til að annast framkvæmd stjórnarkjörs fyrir komandi starfsár og úrskurða um vafaatriði. Þá skal stjórn innan sama frests setja reglur um störf kjörstjórnar og framkvæmd kosninganna. Reglur þessar og skipan kjörstjórnar skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en 1. febrúar. Framkvæmdastjórn félagsins skal vera starfsmaður kjörstjórnar.

#### Við 2. mgr. 11. gr. bætist nýr staflíður h og hljóðar svo:

h) Skipa kjörstjórn og setja reglur um störf kjörstjórnar og framkvæmd kosninga, sbr. 10. gr. laga þessara.

Fundarstjóri lýsir mælendaskrá opna fyrir þennan dagskrárlið.

**Theodóra Róbertsdóttir, félagsmaður** spyr hvort athugað hafi verið með kostnað við þessa tillögu.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** stígur í pontu. Hún ítrekar það, að halda fundinn rafrænt yrði heimildarákvæði þó svo að rafræn kosning yrði skylda. Kostnaðurinn getur verið frá 150.000 kr og farið upp í milljón. Því sé töluvert bil og það yrði einhvað sem þyrfti að skoða hverju sinni þar sem þróunarstarf breytist töluvert hratt og því erfitt að áætla einhvað.

Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og lokar fundarstjóri því mælendaskrá. Hann biður um samþykki fundargesta til þess að samþykkja tillögurnar í einu lagi, en því er hafnað og er því hver liður tekinn fyrir.

Ari leggur lagabreytingatillögur til samþykkis fundargesta lið fyrir lið.

1. **Tillaga** (*Annar málsliður, a-liðar, 5. gr.*) samþykkt samhljóða
2. **Tillaga** (*Þriðji málsliður, 1. mgr., 7. gr.*) samþykkt samhljóða
3. **Tillaga** (*Fjórdi málsliður, 3. mgr. 7. gr.*) samþykkt samhljóða
4. **Tillaga** (*Við 7. gr. bætist nýjar málsgreinar sem verða 4.-5. mgr.*) samþykkt samhljóða
5. **Tillaga** (*Sjöundi töluliður, 1. mgr. 8. gr.*) samþykkt samhljóða
6. **Tillaga** (*Þriðji málsliður, 2. mgr., 9. gr.*) samþykkt samhljóða
7. **Tillaga** (*Við 9. gr. bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., en núverandi 3. mgr. verður 4. mgr. Ný 3. mgr. )* samþykkt samhljóða
8. **Tillaga** (*Þriðji málsliður 1. mgr. 10. gr. [ATH: Ekki efnisbreyting en til skýringar])* samþykkt samhljóða
9. **Tillaga** (*3. og 4. mgr. 10. gr.*) samþykkt samhljóða
10. **Tillaga** (*Við 2. mgr. 11. gr. bætist nýr stafliður h)* samþykkt samhljóða

## 2.) Lagabreytingatillaga - Arnheiður Runólfsdóttir- samþykki laganefndar

Ari, fundarstjóri gerir grein fyrir tillögu Arnheiðar. Áður en hann les tillöguna upp leggur hann til að þessi lagabreytingatillaga falli undir 4.málsgrein 28. greinar verði hún samþykkt.

### 2. Lagabreytingatillaga

#### Arnheiður Runólfsdóttir – samþykki laganefndar

Ef vikja á félagsmanni úr félaginu eða setja í árs ræktunarbann eða lengur þarf meirihluti laganefndar að samþykkja úrskurð siðanefndar.

Fundarstjóri lýsir mælendaskrá opna fyrir þennan dagskrárlið.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** stígur í pontu og tekur til máls. Hún vill árétta að samkvæmt reglum félagsins hefur siðanefnd rétt á að leita sér réttar hjá lögmanni. Telur Herdís það mikilvægt að siðanefnd sé sjálfstætt starfandi og óháð í sínu starfi og geti þá frekar beitt þessari heimild sem hún nú þegar hefur til að leita sér aðstoðar.

**Helga A Þórðardóttir, félagsmaður** spyrst fyrir um hversu oft það hafi komið fyrir að siðanefnd hafi beitt þessu úrræði.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** svarar því að hún hafi því miður ekki þekkingu á því en hún geti svarað fyrir það að aldrei hafi verið greiddur út kostnaður við þannig úrræði.

**Sigrún Guðlaugardóttir, félagsmaður** spyr hvort þeir sem fá úrskurð frá siðanefnd hafi einhver úrræði.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** segir úrskurð siðanefndar vera endanlegan. Siðanefnd sé hins vegar heimilt að taka upp mál aftur, komi upp gögn sem ekki lágu fyrir við úrskurð. Fólk geti leitað til dómstóla sé það ósátt, en úrskurður siðanefndar er ávallt endanlegur innan félagsins.

Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og er mælendaskrá því lokuð. Ari, fundarstjóri leggur tillöguna fyrir fundargesti. Er hún ekki samþykkt með  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæða og því er tillaga Arnheiðar felld.



### 3.)Lagabreytingatillaga- *Kristjana Bergsteinsdóttir- Lagabreyting 28. Gr. 3 málsgrein*

Ari Karlsson, fundarstjóri stígur í pontu og gerir grein fyrir tillögu Kristjönu. Fyrir liggur breytingartillaga frá stjórn HRFÍ.

#### 3. Lagabreytingatillaga

#### Kristjana Bergsteinsdóttir – 28. gr

Lagabreyting

28.gr núverandi

Viðurlögum verður ekki beitt vegna brota sem átt sér stað meira en fimm árum áður en kæra berst siðanefnd, skv.27.gr

28. gr verður

Viðurlögum verður ekki beitt vegna brota **að undanskyldum fölsuðum ættbækum** sem átt sér stað meira en fimm árum áður en kæra berst siðanefnd, skv.27.gr

**Falsaðar ættbækur verða alltaf hægt að beita viðurlögum.**

28. Viðurlög sem siðanefnd getur beitt vegna brota skv. 27. gr. eru:

- 1) áminning
- 2) útilokun frá þátttöku í starfi HRFÍ að fullu eða í tiltekinn tíma
- 3) útilokun frá dómaraströfum eða öðrum trúnaðarströfum að fullu eða í tiltekinn tíma
- 4) svipting ræktunarnafns
- 5) útilokun frá rétti til að fá afhent ættbókarskirteini HRFÍ, í tiltekinn tíma eða að fullu, hafi aðili vísvitandi og á sannanlegan hátt gefið rangar upplýsingar til ættbókar HRFÍ, sýnt ótrúmennsku í ræktunarstöfum eða á annan hátt valdið alvarlegum skaða við ræktun viðkomandi hundakyns.
- 6) brottvísun úr félaginu að fullu eða í tiltekinn tíma. Siðanefnd getur beitt fleiri en einu ákvæði og getur jafnframt úrskurðað eftir atvikum að viðurlög geti átt við heimilismenn þess sem brotlegur er. Siðanefnd getur úrskurðað um brot fyrirverandi félagsmanns, hafi brotin átt sér stað í félagstíð hans. HRFÍ er ekki ábyrgt fyrir skaða sem aðili kann að verða fyrir vegna umfjöllunar eða úrskurða siðanefndar.

Siðanefnd er heimilt við ákvörðun viðurlaga að líta til þess hvort félagsmaður eða, eftir atvikum heimilismenn hans, hafi á síðustu þremur árum fyrir uppkvaðningu úrskurðar sætt áminningu eða öðrum viðurlögum. Viðurlögum verður ekki beitt vegna brota sem áttu sér stað meira en fimm árum áður en kæra berst siðanefnd, skv. 27. gr.

**Breytingartillaga frá stjórn við tillögu Kristjönu. -Stjórn HRFÍ leggur til að 3.mgr 28 gr. verði í heild sinni felld út.**

**Arnheiður Runólfsdóttir, félagsmaður óskar eftir betri útskýringum.**

**Ari, fundarstjóri** útskýrir tillöguna betur og leggur um leið til að breytingartillaga stjórnar sé fyrst lögð fyrir til samþykkis fundargesta þar sem hún er viðtækari. Hann lýsir mælendaskrá nú opna og leynir það sér ekki á meðal fundargesta að þeir vilja gera þessari tillögu betri skil.

**Soffía Kristín Kwaszenko, félagsmaður** spyr hvort þetta ætti þá við um öll brot.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** svara að svo sé. Áréttir hún að ef fólk hefði áhyggjur af því að siðanefnd fyllist af gömlum lítilsháttarmálum sé það lítið áhyggju mál.

**Soffía Kristín Kwaszenko, félagsmaður** spyr hvort það þurfi ekki að vera fyrningarreglur svo siðanefnd sé ekki að taka upp eldgömul mál.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** segir að lítilsháttar heilsufarsbrot séu yfirleitt borðliggjandi strax í byrjun og því engin ástæða til að taka upp gömul lítilsháttar brot.

**Theodóra Róbertsdóttir, félagsmaður** spyr hvort þetta eigi þá ekki við þegar um stór mál er að ræða en ekki lítils háttar mál.

**Herdís, formaður** jánkar því og segir að þetta sé yfirleitt byggt á því að upplýsingar hafi ekki legið fyrir strax í byrjun. Hún áréttar að sé um heilsufarsmál að ræða þá eru þau yfirleitt borðliggjandi strax.

**Þorsteinn Thorsteinson, félagsmaður** spyr hvort ótengdir aðilar geti lagt fram kæru til siðanefndar.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** vísar í 27. Málsgrein. Sem kveður á um það að aðeins félagsmaður eða stofnun innan HRFÍ geti lagt fram kæru til siðanefndar.

**Sóley Ragna Ragnarsdóttir, félagsmaður** tekur til máls og kastar því út í kosmosið til umhugsunar að hún sjái þetta þannig að ef þú braust lög félagsins fyrir átta árum síðan, áttu þá einhvað frekar að sleppa átta árum seinna?

**Sirry Halla Stefánsdóttir, félagsmaður** varpar þeirri spurningu hvort fölsun í heild sinni varði ekki við landslög. Hún bendir á að falsa ættbækur er rosalega alvarlegt mál þar sem félagið byggir á ættbókinni.

**Sigrún Guðlaugardóttir, félagsmaður** tekur undir orð Sirryjar Höllu. Ættbók stoppar ekki á einum stað heldur gengur hún áfram úr einum ættlið í þann næsta. Því má segja að hver einasta ættbók tengd fyrstu fölsuðu ættbókinni sé fölsun. Með öðrum orðum að þetta sé brot sem heldur stanslaust áfram.

**Ari Karlsson, fundarstjóri** óskar eftir því að Ágústa Pétursdóttir fundarritari taki við sem fundarstjóri tímabundið, svo hann geti mælt fyrir á mælendaskrá sem almennur félagsmaður. Varð fundurinn við þeirri beiðni.

**Ari Karlsson, félagsmaður** tekur í framhaldinu til máls. Ari hefur setið sem varamaður í siðanefnd lengi og langar honum því að taka þátt í þessari umræðu um fimm ára fyrningu. Hann vill áréttta að þessi minniháttar brot eins og til að mynda augnskoðanir og annað uppgötvist yfirleitt strax. Hins vegar þegar félagsmaður brýtur af sér á ófyrirgefanlega hátt á grundvallarreglum félagsins geti þessar takmarkanir sett stórt skarð í úrskurð félagsins þar sem stundum liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir til þess að komast að þessum brotum strax í byrjun. Hann segir þessa reglu vera hömlur fyrir félagið og hvetur fundargesti sem almennur félagsmaður til að samþykka þessa breytingartillögu stjórnar

Ari Karlsson stígur úr pontu og tekur aftur við sem fundarstjóri.

**Anna María Ingvarsdóttir, félagsmaður** spyr verði þessi tillaga samþykkt verður hún í gildi afturvirk.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** segir þetta góða spurningu. En hún kveður svo ekki vera. Þó hafi þessi regla ekki alltaf verið í lögum félagsins og því verði að athuga hvenær þessi regla kom inn. Hafi þessar takmarkanir verið í gildi þegar þessi brot áttu sér stað þurfum við að skoða það út frá því. Herdís segir það hins vegar vera skýrt í reglum FCI að komi í ljós að ættbók sé fölsuð beri stjórn félagsins skylda til þess að afmá þá ættbók úr skrá félagsins óháð málreglum.

**Sigrún Guðlaugardóttir, félagsmaður** segir viðurlögin þá lenda á grunlausum hvolpakaupendum sem ganga út frá því að vera að kaupa hvolp með ættbók.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** jánkar því en tekur það jafnframt fram að sé ættbók röng þá er ættbók ekki ættbók!

**Sigríður Margrét Jónsdóttir, félagsmaður** segist hafa lent í því að kaupa sér hund frá erlendum ræktanda. Kom það upp á borðið að sá ræktandi stundaði fölsun á ættbókum. Hafi allar ættbækum frá þeim ræktanda verið settar á bið og til þess að fá ættbók á hennar hund hafi hún þurft að setja hann í DNA próf. Hún spyr því hvernig málsmeðferðir stjórnar séu og hvort athugað hafi verið með þessar reglur hjá nágrannalöndum okkar.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** svarar því að hún hafi ekki lagst í neinar stórtækar rannsóknir, en hún hafi hins vegar spurst fyrir. Hún tekur það fram að stjórn og siðanefnd sé ekki það sama heldur starfar siðanefnd sjálfstætt, þar sem Sigríður spyr út í málsmeðferðir stjórnar. Ættbækur hafa verið gerðar ógildar og í framhaldinu óskað eftir DNA en það hefur ekki verið gengið svo langt að fara fram á að DNA testa alla.

**Ragnhildur Gísladóttir, félagsmanni** langar að spyrjast betur út í tillögu stjórnar. Segjum sem svo að það sé engin fyrning. Viðkomandi brýtur af sér fyrir 15 árum og fær fyrstu áminningu, hann brýtur svo aftur af sér 7 árum seinna og fær við það aðra áminningu. 10 árum síðar brýtur hann svo aftur af sér og fær við það þriðju áminninguna. Þarna erum við að tala um 32 ára tímabil, er þá viðkomandi vikið úr félaginu við þriðja brot því það eru ekki lengur fyrning á málum.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** stígur í pontu. Hún segir að þetta mál stoppa strax á 27.gr. og las hún það lagaákvæði upp.

*„Siðanefnd er heimilt við ákvörðun viðurlaga að líta til þess hvort félagsmaður eða, eftir atvikum heimilismenn hans, hafi á síðustu þremur árum fyrir uppkvaðningu úrskurðar sætt áminningu eða öðrum viðurlögum.“*

**Sigrún Guðlaugardóttir, félagsmaður** spyr hvort hundaræktarfélagin á hinum norðurlöndunum væru með álíka ákvæði um fyrningu.

**Ari, fundarstjóri** áréttar við fundinn að reyna að fara ekki langt út fyrir umræðuefnið. Hann vísar í svar Herdísar við spurningu Sigríðar Margrétar þar sem hún kvaðst ekki hafa lagst í neina stórtæka rannsóknarvinnu varðandi hin norðurlöndin.

**Arnheiður Runólfsdóttir, félagsmaður** spyr hvort engar reglur liggi fyrir hjá FCI um ræktandann sjálfann sem brýtur af sér. Fyrst þeir eru með reglur varðandi falsaðar ættbækur.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** segir að við séum komin í heldur tæknilegar umræður. Hundaræktarfélagið gefur út ættbækur og FCI leggur áherslu á að þær ættbækur sem félagið gefur út séu réttar.

**Selma Olsen, félagsmaður** leggur fram spurningu eftir að hafa hlustað undrandi á umræður fundargesta. Spyr hún hvort fölsun á ættbókum sé einhvað sem hefur komið upp eða hvort þetta sé bara almenn umræða.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** segist ekki geta tjáð sig um einstaka mál. En hún geti þó fullyrt að stjórn HRFÍ hafi þurft að ógilda ættbækur á starfsárinu.

**Erna Ómarsdóttir, félagsmaður** tekur til máls. Erna hefur starfað á skrifstofu félagsins um nokkurt skeið. Hún segist oft hafa þurft að leggja fram kæru vegna heilsufarsskoðanna og segir þessar kærur yfirleitt alltaf borðliggjandi strax við ættbókarskráningu. Því sé tilgangurinn með þessari lagabreytingu ekki að negla einhvern sem braut af sér fyrir 20 árum heldur sé þetta meira gert til þess að ná utan um þau brot þar sem gögn lágu ekki fyrir í byrjun. Hún tekur þar með undir orð Ara og hvetur fundargesti til þess að samþykkja breytingartillögu stjórnar.

Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og lýsir fundarstjóri mælendaskrá því lokaða fyrir þennan lið. Ari leggur breytingartillögu stjórnar fram til samþykktar fundar og er tillagan samþykkt með tilskildum meirihluta fundargesta. Þar sem þessi tillaga er víðtækari en tillaga Kristjönu er ekki ástæða til að taka hana fyrir.

## **7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10.gr.**

Úr stjórn Hundaræktarfélags Íslands gengu þau Herdís Hallmarsdóttir formaður, Svava Björk Ásgeirsdóttir meðstjórnandi, Heiðar Sveinsson meðstjórnandi og Guðni B. Guðnason úr varastjórn. Gáfu þau ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Er þeim þökkuð vel unnin störf með lófaklappi fundargesta.

Kynningar á frambjóðendum voru birtar á heimasíðu félagsins fyrir aðalfund. Engin mótframboð bárust stjórn HRFÍ og voru frambjóðendur því sjálfkjörnir.

Daníel Örn Hinriksson bauð sig fram til formanns HRFÍ. Helga Kolbeinsdóttir og Maríanna Gunnarsdóttir gáfu kost á sér í aðalstjórn félagsins. Anna María Ingvarsdóttir gaf kost á sér í varastjórn félagsins.

### **Ný stjórn HRFÍ starfsárið 2021-2022 skipar:**

Daníel Örn Hinriksson - Formaður  
Auður Sif Sigurgeirsdóttir - meðstjórnandi  
Guðbjörg Guðmundsdóttir - meðstjórnandi  
Helga Kolbeinsdóttir - meðstjórnandi  
Maríanna Gunnarsdóttir - meðstjórnandi  
Anna Guðjónsdóttir - varastjórn  
Anna María Ingvarsdóttir - varastjórn

Er þeim fagnað með lófataki fundargesta.

## **8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.**

### **Í framboði sem aðalmenn eru þeir**

Guðmundur A. Guðmundsson og Þorsteinn Þorbergsson

### **Í framboði sem varamenn eru þau**

Pétur Alan Guðmundsson og Kristín Sveinbjörnsdóttir

Engin mótframboð bárust á fundinum og eru þau því sjálfkjörin, er því fagnað með lófataki.

## **9. Kosning siðanefndar**

### **Aðalmenn:**

Guðrún Th. Guðmundsdóttir

Arnheiður Runólfsdóttir

Svanhildur Skúladóttir

### **Varamenn:**

Sóley Ragna Ragnarsdóttir

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir

Engin mótframboð bárust á fundinum og eru þau því sjálfkjörin, er því fagnað með lófataki

## **11. Önnur mál.**

- 1.) Tillaga stjórnar um að selja fasteign, Síðumúla 15 lögð fram til samþykktar félagsmanna, enda skal bera allar meiriháttar fjárskuldbindingar undir félagsfund samkvæmt 13. gr. laga Hrfí**

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** steig í pontu og flutti glærur um sölu fasteignar félagsins. Glærurnar voru birtar í heild sinni inn á heimasíðu félagsins fyrir aðalfund.

Stjórn HRFÍ leggur til að félagsfundur HRFÍ, sem fer með æðsta vald félagsins staðfesti samþykki stjórnar á kauptilboði í fasteign félagsins, enda felur sala fasteignarinnar í sér meiri háttar fjárskuldbindingu sem bera skal undir félagsfund.

### **Tillagan er svohljóðandi:**

*Félagsfundur HRFÍ samþykkir sölu fasteignarinnar að Síðumúla 15, 108 Reykjavík, gert af Kamb ráðgjöf, þann 6.maí 2021 um kaup á eigninni fyrir 56.milljónir króna á þeim kjörum sem í tilboðinu greinir og samþykkt var af hálfu félagsins.*

Ari Karlsson, fundarstjóri stígur í pontu og opnar mælendaskrá.

**Helga A. Þórðardóttir, félagsmaður** spyr hvort það standi þá ekki á borðinu að kaupa nýja eign í dag. Ef svo er ekki, af hverju að selja eignina þegar ekkert annað

er til staðar. Þurfum við þá að fara út í að borga húsaleigu eða er ætlunin að kaupa hlutabréf sem gæti allt í einu horfið eins og þekkt var árið 2008?

**Herdís Hallmarsdóttir** segir þetta skiljanlega spurningu. Stjórn hefur horft á þetta með opnum augum síðan eignin var sett á sölu árið 2018. Gert hafi verið greining á þarfamati og stjórn viti hverju skal leitað að. Fasteignir hafi verið skoðaðar, en hendur okkar bundnar á meðan engin tilboð hafa borist í Síðumúlann. Auðvitað gæti sú staða komið upp að við þyrftum að leigja tímabundið á meðan við finnum nýtt húsnæði til að fjárfesta í.

**Sóley Ragna Ragnarsdóttir, félagsmaður** spyr í framhaldinu af þessari umræðu hverjar tilvonandi framkvæmdir á húsnæðinu séu eins og Guðný kom inná í fjárhagsáætlun félagsins.

**Guðný Rut Ísaksen, framkvæmdastjóri** segir að búið sé að ákveða að ráðast í viðgerðir á þakinu en kostnaður við það nemur um milljón. Annað hefur ekki verið ákveðið.

**Heiðar Sveinsson, stjórnarmeðlimur** tekur til máls. Hann kveður það sem bindur hendur okkur við kaup á nýrri fasteign sé þessi eign sem við eigum. Húsnæðið hefur verið á söluskra síðan 2018 og þetta er fyrsta kautilboðið sem kemur í það. Hann segir stjórn hafa skoðað allskonar valmöguleika á kaupum á nýrri fasteign en alltaf sitjum við bundinn á meðan við eigum Síðumúlann. Að sjálfsögðu er erfitt að ákveða hvað við viljum í staðinn, líkir hann þeirri spurningu við það að spyrja barnabörnin hvað þau vilja í jólagjöf og uppsker hlátrasköll úr salnum. Auðvitað eru 56 milljónir ekki mikið þegar kemur að því að fjárfesta á ný en eins og staðan er í dag þá er reksturinn traustur og því valmöguleikarnir góðir. Hann segir fyrsta skrefið að nýju húsnæði vera að losa sig við það gamla. Heiðar setur dæmið upp í skemmtilega myndlíkingu og hvetur um leið fundargesti til þess að samþykja tillöguna.

Með þessum orðum Heiðars lokar Ari mælendaskrá þar sem enginn annar hefur óskað eftir að taka til máls. Hann leggur tillöguna undir fundargesti og er hún samþykkt með meirihluta atkvæða.



## **2.) Takmarkanir á gildissviði tímabundinnar útilokunnar á félagsmann frá starfi félagsins - *Sigrún Guðlaugardóttir*.**

Sigrúnu langar að taka upp umræðu til umhugsunar í framhaldi af umræðu fundarins er varða falsanir ættbóka. Henni finnst það vanvirðing við hinn almenna félagsmann sem fari eftir grundvallarreglum félagsins að hann sitji við sama borð og félagsmaður sem hafi verið vikið frá starfi félagsins. Hún tekur það sem dæmi að eigi hún rakka sem er heilsufarsskoðaður áður en viðurlögunum er beitt, geti hún áfram lánað hann til undaneldis þrátt fyrir að vera útilokuð frá starfi félagsins. Hún biðlar til málsaðila að taka þetta mál til skoðunnar og skoða viðurlögin þannig að sá sem er beittur útilokun sé í raun og veru útilokaður en ekki að útilokunin sé bara pappír og svo geti sá útilokaði bara dinglað um eins og ekkert sé.

Enginn óskaði eftir að taka til máls tengt þessum lið og lýsir fundarstjóri því mælendaskrá lokaða.

## **3.) Þakkir til Herdísar Hallmarsdóttur fráfarandi formanns - *stjórn HRFÍ***

**Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður** stígur í pontu fyrir hönd stjórnar HRFÍ. Stjórn félagsins vill koma á sérstökum þökkum til Herdísar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins á starfsárum hennar. Er Herdísi færður stærðarinnar blómvöndur í þakkarskyni og uppsker mikið lófatak fundargesta.

**Herdís Hallmarsdóttir** stígur í pontu og þakkar fyrir sig og það traust sem henni hefur verið sýnt af hálfu félagsmanna í gegnum formannssetu hennar. Hún tekur það fram að þrátt fyrir að hún stígi til hliðar muni hún að sjálfsögðu vinna áfram í þágu félagsins og vera nýjum stjórnarmeðlimum innan handar. Með þessum orðum lokar hún aðalfundi félagsins þetta árið og lýkur fundarhöldum kl: 22:40.